



Guðrún Alda Harðardóttir ver doktorsritgerð sína í menntavísindum við Kennaradeild, Menntavísindasviði Háskóla Íslands:



„Námstækifæri barna í leikskóla. Tækifæri leikskólabarna til þátttöku og áhrifa á leikskólanám sitt“

föstudaginn 13. júní kl. 13:00 í Skriðu sal á Menntavísindasviði við Stakkahlíð

Andmælendur eru dr. Snæfríður Þóra Egilsson prófessor við Háskóla Íslands og dr. Ólafur Páll Jónsson dósent við Háskóla Íslands

Leiðbeinendur Guðrúnar Öldu voru: dr. Baldur Kristjánsson dósent, Háskóla Íslands, dr. Kristján Kristjánsson prófessor, Háskólanum í Birmingham, Englandi. Auk þess sat í doktorsnefndinni dr. Gyða Margrét Pétursdóttir lektor, Háskóla Íslands.

Dr. Gunnhildur Óskarsdóttir dósent, forseti Kennaradeildar á Menntavísindasviði, stjórnar athöfninni



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Allir velkomnir

Föstudaginn 13. júní 2014, kl. 13:00 fer fram doktorsvörn frá Kennaradeild við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Þá ver Guðrún Alda Harðardóttir doktorsritgerð sína. Verkefnið ber heitið *Námstækifæri barna í leikskóla. Tækifæri leikskólabarna til þátttöku og áhrifa á leikskólanám sitt.*

Children's learning opportunities: Preschool children's opportunities to participate in and have an impact upon the preschool activities.

Um verkefnið

Verkið samanstendur af ritgerð og fjórum tímaritsgreinum. Tilgangur rannsóknarinnar er að skoða námstækifæri; tækifæri leikskólabarna til þátttöku og áhrifa á leikskólastarf. Rannsóknin er þverfagleg og víða leitað fanga: í almennri sálfræði, stjórnmálaheimspeki, félagsfræði, leikskólafræði, kynjafræði og félagsálfræði. Niðurstöður rannsóknarinnar gefa heildstæða hugmynd um samhangandi áhrifaþætti í námsumhverfi barna; að námstækifæri barna ráðist mikið af viðhorfum kennara. Þær sýna að börnunum bauðst að taka þátt í ákvarðanatöku og að kennararnir stuðluðu að valdeflingu barnanna. Þó takmarkaði kyngervi barnanna valdeflinguna. Þá sýnir rannsóknin að málþroski leikskólabarna útilokar ekki að trú þeirra á eigin getu sé mæld, en hins vegar er nauðsynlegt að þróa annars konar mælitæki en almennt er beitt við mælingu á trú fullorðinna á eigin getu. Bent er á uppeldisfræðilega skráningu sem vænlegt mælitæki.

Enska

The purpose of the research is to scrutinize learning opportunities, that is, preschool children's opportunities of participation and possibilities of impacting the preschool activities. The findings of the research provide holistic ideas regarding interconnected determinants in relation to children's educational environments; children's opportunities of learning depend largely on the teachers' views, i.e. the teachers' views govern their behavior which in turn impact the children's self-image and their ability to actively participate in their own learning and develop stronger beliefs concerning their own capabilities. The research draws on several sources: psychology, political philosophy, sociology, early childhood education, gender studies and social psychology.

The central findings of the research bring to light that the views of the teachers who participated in the research were consistent with work methods and the children were frequently invited to participate in the decision-making processes. Ultimately, the teachers facilitated the children's empowerment; however, the children's gender limited the extent of their empowerment. The research furthermore reveals that preschool children's language development does not undermine analyses of their beliefs in regard to their own abilities but it is nevertheless necessary to create alternative evaluation tools that focus on children, in contrast to commonly used evaluation tools used to analyse adult individuals' beliefs in their own abilities. The research suggests pedagogical documentation as a possibly fruitful means of assessment.

Um doktorsefnið

Guðrún Alda Harðardóttir lauk leikskólakennaraprófi 1985 og Fræðslustjórnun 1992 frá Fósturskóla Íslands, M.Ed.-gráðu í uppeldis- og kennslufræðum við Kennaraháskóla Íslands 1998.

Guðrún Alda hefur gegnt ýmsum störfum tengdum leikskólastarfi; leikskólastjórn, leikskólaráðgjöf, pedagogista, formaður Félags leikskólakennara og dósent við Háskólann á Akureyri. Hún hefur setið í opinberum nefndum um leikskólastarf í Svíþjóð og Noregi og enn fremur í nefndum á vegum menntamálaráðuneytisins.

Guðrún Alda er gift Sigurði Þór Salvarssyni fjölmiðlafræðingi og saman reka þau leikskólann Aðalþing í Kópavogi.